

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald af brennivíni.

1873.

4. ágúst.

Með bréfi 20. maí þ. á. hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá með fylgiskjölum, þar sem kaupmaður S. Richter á Stykkishólmi sækir um undanþágu undan gjaldi því, sem ákveðið er í tilsk. 26. febrúar f. á., af 125 pottum af áfengum drykkjum, sem lekið hafa úr ýmsum tunnnum, sem fluttust til hans frá Kaupmannahöfn með jagtinni *Alexander*.

Með því nú málavextir sýna, að þótt sækjandanum væri skýrt frá leka þeim, sem orðið hafði, þá hafi hann samt látið færa í land tunnurnar án þess þær væri rannsakaðar, í stað þess að skora á lögreglustjóra, að láta rannsaka þær þegar í stað, um leið og skjöl skipsins voru sýnd, og að rannsóknin þá hafi farið fram, er tunnurnur höfðu legið nokkurn tíma í geymsluhúsi, svo eigi varð sæð, hvort lekinn hafi ekki að nokkru leyti komið upp, eptir að búið var að sýna skjöl skipsins og rita á þau, gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að dómsmálastjórnin samkvæmt reglum þeim, sem getið er um í bréfi 15. marz þ. á., hefir eigi fundið næga ástæðu til að veita það, sem sókt er um.

Í tilefni af þessu máli leiðum vör að öðru leyti eigi hjá oss, að geta þess, að skilyrðin fyrir því, að undanþága sú undan gjaldinu, sem getið er um í fyrnefndu bréfi 15. marz, fáiist, eru eigi að eins, að hlutaðeigandi skipstjóri eða sá, sem við farminum tekur, þegar í stað, þá er skjöl skipsins eru sýnd fram og ritað á þau, segi lögreglustjóri til, að nokkuð af vörum þeim, sem tilfærðar eru á tollskránni, annaðhvort vanti alveg (t. a. m. ef eitthvað hefir brotnað eða farið í sjóinn) eða hafi minnkað (við rýrnun eða leka), heldur ennfremur, að sá, sem á hlut að máli, um leið heimti, að lögreglustjóri hafi við rannsókn, — en það skal vera hans ábyrgðarhluti, ef hann eigi þegar í stað verður við slíkri áskorun —, og að eigi verði fært neitt upp úr skipinu, fyrir en rannsóknin hefir fram farið, nema því að eins að lögreglustjóri hafi gjört þá ráðstöfun, að sú umsjón verði höfð með af-

1873.

4. ágúst.

fermingu skipsins, sem með þarf, til þess að sanna, að eigi hafi verið breytt um þær vörur, sem sagðar eru skemmdar, o. s. frv.

Skyldi það koma fyrir, að nokkur tími líði frá því rannsóknin var heimtuð, þangað til henni er komið fram, eða lög-reglustjóri gjöri aðrar ráðstafanir, án þess að hlutaðeiganda skipstjóra eða farmseiganda verði kennt um það, og sá, sem í hlut á, þykist ekki geta frestað að færa á land hinar vörurnar, sem eru í skipinu, skal það, hvernig sem á stendur, vera skilyrði fyrir því, að hann geti búizt við að fá fyrnefnda lækkun á gjaldinu, að það verði sannað á annan hátt, sem eptir málavöxtum þykir nægja, að þeir annmarkar, sem sagt er til, hafi verið á, þegar byrjað var á affermingunni.

7. ágúst.

64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um staðfesting á brauðaveitingum stiptsyfirvaldanna.

Í bréfi, dagsettu 14. maím. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, spurt að, hvort ákvörðun sú í erindisbréfi landshöfðingjans yfir Íslandi, 29. júlí f. á., 20. gr., að staðfesting sú á brauðaveitingum stiptsyfirvaldanna á Íslandi, sem hingað til hefir verið áskilin konungi, skuli falin á hendur landshöfðingja, sè svo að skilja, að hann í sínu nafni gefi tæða staðfestingu, eða fyrir hönd konungs og í hans nafni, og ef staðfestingin verði gefin í nafni landshöfðingjans, hvort þá greiða skuli gjald eins og áður var gjört.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að þér, herra landshöfðingi, skuluð í yðar eigin nafni gefa tæða staðfesting, og verður eigi greidd neitt gjald fyrir.